

Stjórnarfundur

Fundargerð fimmtudaginn 4. september 2025

Mættir á skrifstofu félagsins: Tryggvi Eiríksson og Árni Sverrisson

Á fjarfundi voru: Heimir Karlsson, Pálmi Gauti Hjörleifsson, Kristinn Hólm, Jón Frímann Eiríksson og Vignir Traustason.

Formaður (ÁS) bauð alla velkomna og setti fundinn kl: 12:30.

Dagskrá stjórnarfundar

1. Fiskverðsmál, úthlutun aflaheimilda, djúpkarfi:

ÁS sagði frá því hvað úrskurðarnefnd er að gera, þar sem er verið að endurskoða verkferla varðandi bolfiskinn. Vonandi mun nýtt og skilvirkara kerfi verða klárt á næstu misserum. Rætt var um uppsjávarafurðir og verð maktíls sérstaklega í sumar, mikil óánægja ríkir vegna verðs á lönduðum afla í Færeyjum vs. Íslandi. ÁS hefur verið í sambandi við formenn annarra félagasamtaka og hefur komið til tals að fara fram á rannsókn á uppsjávarverðum þar sem ópolandi verðmunur er á maktíl á Íslandi, Færeyjum og í Noregi. Efla þarf Verðlagsstofu skiptaverðs (VSS) með því að auka aðgengi þeirra að gögnum í rauntíma. Við höfum þrýst mjög á stjórnvöld að efla sjálfstæði VSS og að hún fái rafrænar/starfrænar upplýsingar um allan útflutning sjávarafurða frá skattinum til að geta rækt hlutverk sitt, það frumvarp fór ekki í gegn á síðasta þingi. ÁS segir frá því að hann sé að fara á fund með Hönnu Katrínu ráðherra á allra næstu dögum þar sem mikið er í húfi fyrir sjávarútveginn í heild sinni. Núllkvóta var úthlutað í þriðja skiptið í djúpkarfa. ÁS sagði frá áhyggjum af því að Vinnslustöðin hefur á undanförunum mánuðum flutt mikinn kvóta af skipum sínum á óskylda aðila sem veiða fiskinn í verktöku og nú sagt upp tæplega 50 starfsmönnum Leo Seafood ehf. og hyggst flytja út fisk til vinnslu í Portúgal. Félagið fékk beiðni frá Atvinnuvegaráðuneytinu um að tilnefna aðal- og varafulltrúa í nefnd til að draga úr meðafla djúpkarfa. Stjórnin samþykkti að Pálmi Gauti verði aðalmaður og Árni Sverrisson varamaður fyrir hönd félagsins.

2. Staðan á sölu íbúða í Neðstaleiti 2 og Ásholti 26.

ÁS fer yfir stöðuna vegna íbúðanna sem eru óseldar í Ásholti og Neðstaleiti. Neðstaleiti 2 var selt í maí sl. en sala á íbúð kaupenda dróst úr hömlu, þannig að við gengum út úr því tilboði. Fasteignasalan Gimli sér um söluna á þessum tveimur íbúðum og eru að fylgja þessu vel eftir núna. Rætt var um að gefa þeim tækifæri á að selja þessar tvær íbúðir fyrir mánaðarmót og ef ekkert gengur, þá munum við setja íbúðirnar aftur í leigu til félagsmanna, að undanskildum 1-2 dögum í viku þar sem hægt verður að fara inn og sýna íbúðirnar ef áhugi er.

Ákveðið var að setja Strandgötu í leigu – Pálmi skoðar íbúðina með Arnari umsjónarmanni varðandi hvað þarf að gera til að taka hana í notkun, hvort það þurfi að mála íbúðina, kaupa ný rúm o.s.frv. Íbúðin verður sett í leigu þegar það er klárt. Jóna Brynja kom með tillögu að breyttu fyrirkomulagi á orlofshúsunum næsta sumar. Í stað þess að leigja orlofshúsin út frá föstudegi til föstudags, þá munum við leigja þau út frá miðvikudegi til miðvikudags, sú tillaga var samþykkt og tekur í gildi sumarið 2026.

3. Framtíðaráform sumarhúsa, kynning á verðmati.

Ákveðið var að fá Jason fasteignasala hjá fasteignasölnunni Betri stofan til þess að fara á Laugarvatn og meta alla fjóra bústaðina okkar þar. Rætt var um að taka stöðuna þegar raunverulegt verðmat liggur fyrir og taka stöðuna út frá því. Flestir voru sammála því að selja alla bústaðina og kaupa nýja í staðinn á öðrum stað/stöðum. Farið verður í þetta verkefni við fyrsta tækifæri og niðurstaða kynnt stjórnarmönnum í framhaldinu.

4. Önnur mál.

- Skipun fulltrúa félagsins í nefnd um tillögur til að draga úr meðafla djúpkarfa var samþykkt að Pálmi Gauti verði aðalmaður og Árni Sverrisson varamaður fyrir hönd félagsins.
- Kosin var ný stjórn í styrktarsjóð, sú stjórn sem var áður frá árinu 2021 var skipuð af Árna Sverrissyni, Árna Bjarnasyni og Guðjóni Guðjónssyni. Stjórnin samþykkti að ný stjórn í styrktarsjóði verði, Árni Sverrisson, Jóna Brynja Birkisdóttir og Pálmi Gauti Hjörleifsson.
- Beiðni um styrk vegna minnisvarða um síðutogara var samþykkt. Smíðaðir verða þrír bekkir sem kosta 260.000 kr.stk. Við hjá Félagi skipstjórnarmanna og Sjómannafélag Eyjafjarðar gefum sameiginlega einn bekk að upphæð 130.000 kr. hvort félag fyrir sig.
- ÁS fór yfir auglýsingavörur og ákveðið var að Jóna Brynja myndi fá tilboð í fleiri húfur sem merktar verða með logo félagsins.

Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 14:00


Jóna Brynja Birkisdóttir, fundarritari


Árni Sverrisson, formaður